

Fundargerð

Miðvikudaginn 9. september 2020 kl. 14:30 kom reikningsskila- og upplýsinganefnd (RogU) saman til fundar í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.

Fundinn sátu, Sigrún Guðmundsdóttir, Ágúst Kristinsson, Ingibjörg Garðarsdóttir, Gísli Hlíðberg Guðmundsson og starfsmaður samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis Eiríkur Benónýsson sem ritar fundargerð. Guðjón Guðmundsson boðaði forföll.

Fundargögn sem lögð eru fyrir fund eru vistuð rafrænt í skjalakerfi SRN.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 3. júní 2020 samþykkt.

2. Byggðasamlög – tillögur um breytingar á reglugerð

Lagðar fyrir athugasemdir sem bárust frá Reykjavíkurborg og KPMG. Samþykkt að yfirfara tillögur með tilliti til athugasemdanna. EB falið að gera breytinga og leggja fyrir nefndina.

3. Reikningsskil vegna málaflokks um þjónustu við fatlað fólk

Lögð fyrir tillaga að verkefnislýsingu þar sem reikningsskila- og upplýsinganefnd leggur til við ráðherra að skipaður verði starfshópur sem falið verði það verkefni að greina og koma með tillögur að úrbótum sem miði að því að ná fram samræmi í söfnun og skráningu upplýsinga svo færsla bókhalds gefi glöggar fjárhagsupplýsingar í málaflokki fatlaðs fólks. Samþykkt og EB falið að rita minnisblað til ráðherra.

4. Félög tengd almannahagsmunum PIE

Framhaldsumræða. EB falið að hafa samband við starfsmann Sambands íslenskra sveitarfélaga í Brussel og kanna með regluverk í EU.

Fundi lauk kl. 15:40